



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

"USK Skipulag" <skipulag@reykjavik.is>  
Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík  
Sent: 19.02.2018 11:29:55 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018010135, Bréfalyklar: 42-8 Ums  
um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir

Tilvísun í mál: 2018010135

Vísað er til bréfs frá Reykjavíkurborg, dags. 23. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um verklýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og nýs deiliskipulags fyrir efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík. Um er að ræða endurauglýsingu á sömu verklýsingu, frá 20. október 2017, með smá breytingum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir verklýsinguna og telur að á henni hafi ekki verið gerðar það miklar breytingar að fyrri umsögn stofnunarinnar heldur gildi sínu, sjá meðfylgjandi umsögn. Náttúrufræðistofnun bendir á að á kápu núverandi verklýsingar er hún sögð frá janúar 2017 en á líklega að vera janúar 2018.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 20. nóvember 2017.

„Vísað er til bréfs frá Reykjavíkurborg, dags. 20. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um verklýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og nýs deiliskipulags fyrir efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir verklýsinguna og telur að í henni sé fjallað um flesta þá þætti sem þarf að skoða við frekari vinnslu málsins og snúa að náttúrufari. Þó má t.d. sjá í töflu 5.3 að jarðfræði svæðisins er ekki sérstaklega tilgreind þó vísað sé í 61. gr. laga um náttúruvernd. Þar sem hér er um verklýsingu að ræða er ekki sérstaklega fjallað um hvaða gagna verður aflað eða gæði þeirra en Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á þau séu þess eðlis að þau megi nýta sbr. viðmið í lögum um náttúruvernd, sjá hér að neðan.

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í skipulagsvinnunni og mati á umhverfisáhrifum verði fjallað um væntanlegar framkvæmdir með hliðsjón af almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*), og einnig verði umfjöllun í tengslum við einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Í verklýsingunni kemur fram að fjallað verður um sum þeirra viðmiða sem nefnd eru hér að framan. Mikilvægt er að skoða áhrif skipulagsins/framkvæmdanna m.t.t. allra framangreindra viðmiða eftir því sem þau eiga við.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að öll frekari vinnsla við efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna."

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)

